



Bifvélavirkjar

ÍAV óskar eftir að ráða bifvélavirkja til starfa á suðurnesjum.

Upplýsingar um starfið veitir Þórmarr í síma 660-6225.

Umsóknum skal skila á vef ÍAV, www.iav.is



Íslenskir aðalverktakar hf. | Höfðabakka 9
110 Reykjavík | s. 530 4200 | iav.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Framhaldsskólakennari	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Akureyri	201507/689
Framhaldsskólakennarar	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Akranes	201507/688
Sérfræðingur	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201507/687
Sérfræðingur	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201507/686
Lögfræðingur	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201507/685
Starfsmaður í móttöku	Innanríkisráðuneytið	Reykjavík	201507/684
Verslunarstjóri	ÁTVR, Vínbúðin	Vík	201507/683
Verkefnastjóri	HÍ, Miðstöð framhaldsnáms	Reykjavík	201507/682
Forstöðumaður	HÍ, Rannsóknasetur	Bolungarvík	201507/681
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201507/680
Skólameistari	Framhaldsskólinn á Laugum	Laugar	201507/679
Framhaldsskólakennari	Menntaskólinn við Sund	Reykjavík	201507/678
Sjúkraliði	LSH, Krabbameinslækningadeild	Reykjavík	201507/677
Hjúkrunardeildarstjóri	LSH, Lyflækningasvið	Reykjavík	201507/676
Framhaldsskólakennari	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Reykjavík	201507/675



ICELANDAIR ÓSKAR EFTIR FLUGMÖNNUM TIL STARFA

Vegna aukinna umsvifa óskar Icelandair eftir að ráða flugmenn til starfa. Leitað er eftir flugmönnum í áhugavert og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæða vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Umsækjendur þurfa að hafa gilt atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun. Þeir þurfa að hafa lokið bóklegu námi til réttinda atvinnuflugmanns 1. flokks (ATPL) og námskeiði í áhafnasamstarfi (MCC).

Atvinnuflugmannsskírteini umsækjanda skal hafa verið gefið út af Samgöngustofu á Íslandi eða sambærilegri stofnun í öðru aðildarríki Flugöryggissamtaka Evrópu (EASA) í samræmi við kröfur EASA, flugöryggisstofnunar Evrópu.

Krafa er um 500 flugtíma að lágmarki, þar af 100 flugtíma reynslu sem flugstjóri. Vegna fyrirsjáanlegra árstíðabundinna sveifla í umsvifum Icelandair er gert ráð fyrir að nýir flugmenn hefji störf næsta vor og starfi fram á haust 2016.

Umsækjendur skulu hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi.

- UMSÓKNUM ÞURFA AÐ FYLGJA EFTIRFARANDI GÖGN:**
 - Afrit af atvinnuflugmannsskírteini ásamt áritunum, heilbrigðisvottorði og vegabréfi
 - Afrit af prófskírteinum ásamt einkunum fyrir allt bóklegt flugnám
 - Afrit af stúdentsskírteini eða öðrum sambærilegum prófskírteinum ásamt einkunum
 - Afrit af síðustu 100 fartímum í flugdagbók
 - Nýtt sakavottorð
- Á UMSÓKN SKAL VERA SUNDURLIÐUN FLUGTÍMA SEM HÉR SEGIR:**
 - Heildarfartími
 - Fartími sem kennari
 - Fartími í blindflugi
 - Fartími sem flugstjóri
 - Fartími á fjölhreyfla flugvél
 - Fartími á fjölstjórnarflugvél (MPA)
 - Fartími á þotu og skráfupotu

Umsóknarfrestur:
Umsóknarfrestur er til og með 26. júlí 2015 vegna ráðninga fyrir fyrstu námskeið sem munu hefjast í september 2015. Eftir þann tíma verður hægt að leggja inn umsóknir fyrir námskeið sem hefjast síðar og seinni tíma ráðningar.

Nánari upplýsingar eru á vef félagsins www.icelandair.is/umsokn

Eingöngu er hægt að sækja um starfið á vefnum. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Fyrirspurnum svara:
Margrét Þórarinsdóttir, mannauðsstjóri áhafna | flug@icelandair.is
Hilmar B. Baldursson, flugrekstrarstjóri | hba@icelandair.is
P. Haukur Reynisson, yfirflugstjóri | thr.crew@icelandair.is





LYFJA
– Lífið heil

Lyfja Húsavík Lyfsöluleyfishafi

Við leitum að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi í stöðu lyfsöluleyfishafa.

Í starfinu felst m.a. að bera faglega ábyrgð á rekstri lyfja-búðarinnar, annast daglegan rekstur og umsýslu, sjá til þess að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi og samkvæmt þeim rekstrarlegu markmiðum sem Lyfja setur.

Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing. Í boði er krefjandi og áhugavert starf á skemmtilegum og líflegum vinnustað í rótgrónu og ört vaxandi bæjarfélagi.

Hæfniskröfur:
Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi. Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og góð hæfni í mannlegum samskiptum. Áreiðanleiki, metnaður, fagmennska og skipulögð vinnubrögð.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 26. júlí.
Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Tekið er við umsóknum á vefslóðinni www.lyfja.is

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.

Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, sími 530 3800.



www.lyfja.is

ISKENNA SÍÐIS 07-73149 04/15

Útvarpsleikhússtjóri

Ríkisútvarpið auglýsir eftir drifandi, sjálfstæðum og jákvæðum einstaklingi í starf Útvarpsleikhússtjóra. Í starfinu felst að marka Útvarpsleikhúsinu stefnu til náninnar framtíðar í samvinnu við dagskrárstjóra Rásar 1 og útvarpsstjóra. Verkefni Útvarpsleikhússins þurfa að vera í stöðugri mótun og takast á við samtímann hverju sinni, um leið og byggt er á því 85 ára starfi sem unnið hefur verið.

Hæfniskröfur:

- Reynsla á sviði leiklistar, skilyrði.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, skilyrði.
- Gott vald á íslensku og ensku máli, skilyrði.
- Reynsla á sviði leikstjórnar, stjórnunar eða fjölmiðlunar, æskileg.
- Reynsla af vefvinnslu, kostur.

Nánar um starfssvið:

- Umsjón með verkefnavali nýrra og endurfluttra verka.
- Þróun verka frá hugmynd til framkvæmdar.
- Listræn ráðgjöf við leikskáld, þýðendur, leikstjóra og dagskrárgerðarfólk.
- Dagskrársetning og kynningarmál í samstarfi við kynningardeild.
- Skipulagning og samningagerð.
- Samskipti vegna leikhússins, innanlands og utan.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir
Próstur Helgason, dagskrárstjóri Rásar 1
throstur.helgason@ruv.is, s. 515 3550.

Umsóknarform er að finna á www.RUV.is/laus-storf. Umsóknir skulu berast eigi síðar en 4. ágúst 2015. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.





ráðum
atvinnustofa

Við finnum rétta starfsfólkið

radum.is



SUMARAFLEYSINGAR OG FRAMTÍÐARSTÖRF

FRAMTÍÐARSTARF Í VÖRUHÓTELI EIMSKIPS

Eimskip leitar að öflugum og ábyrgum einstaklingum til framtíðarstarfa í Vöruhótel Eimskips í Reykjavík. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni eru frágangur og tiltekt pantana og sendinga fyrir viðskiptavini, vörumóttaka og vöruafgreiðsla. Almennur vinnutími er frá kl. 08:00-16:00 eða 11:00-19:00 alla virka daga, en viðkomandi aðili þarf að hafa sveigjanleika til að geta unnið lengur.

Hæfniskröfur:

- Lyftararéttindi skilyrði
- Góð þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta
- Íslenskukunnátta
- Framtakssemi og almennt hreysti

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Bragi Viðarsson rekstrarstjóri, í síma 825-7671.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um. Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Eimskips, www.eimskip.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.

Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí 2015.

BÍLSTJÓRAR – SUMARAFLEYSINGAR OG FRAMTÍÐARSTÖRF

Eimskip leitar að bílstjórum til sumarafleysinga og í framtíðarstörf við akstur dráttar- og flutningabíla, innanbæjar sem og úti á þjóðvegum. Um er að ræða dag- og vaktavinnu.

Hæfniskröfur:

- Meirapróf (C) er skilyrði
- Réttindi til að aka með tengivagn (CE) kostur
- ADR réttindi til flutnings á hættulegum farmi kostur

Auk hæfniskrafna leitum við að bílstjórum sem búa yfir:

- Íslenskukunnátta
- Framúrskarandi þjónustulund og jákvæðni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almennri tölvukunnátta
- Almennu hreysti

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Eyjólfur Sigurðsson dreifingarstjóri, í síma 825-7755.



EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is



Akureyrarbær - Skipulagsstjóri

Akureyrarbær auglýsir eftir skipulagsstjóra (skipulags- og byggingarfulltrúi). Skipulagsstjóri er yfirmaður skipulagsdeildar og starfar skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Skipulagsdeild hefur á hendi daglega stjórnun skipulagsmála, umferðarmála, byggingamálefna, umhverfisskipulags og landfræðilegs upplýsingarkerfis Akureyrarbæjar (LUKA).

Starfssvið

- Umsjón og eftirlit með skipulags- og byggingarmálum í sveitarfélaginu í samræmi við stefnu bæjarstjórnar hverju sinni
- Yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi á verkswiði sínu
- Ábyrgð á daglegum rekstri skipulagsdeildar þ.m.t. starfsmannamálum og fjármálum
- Áætlanagerð og stefnumótun í samstarfi við skipulagsnefnd
- Undirbúningur og eftirfylgni mála sem varða skipulagsnefnd og situr fundi nefndarinnar
- Afgreiðsla byggingarmála skv. 9. gr. mannvirkjalaga og sér um útgáfu framkvæmdaleyfa
- Innri og ytri samskipti s.s. við stofnanir ríkisins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi í arkitektúr eða verkfræði, eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Uppfylla ákvæði 8. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og hafa löggildingu sem hönnuður sbr. 25. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010
- Uppfylla ákvæði 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
- Reynsla af starfi tengdu skipulags- og byggingarmálum er skilyrði
- Þekking á lögum og reglugerðum innan málaflokksins er skilyrði
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga æskileg
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Teymishugsun, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Góð almenn tölvukunnátta
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í starfið. Akureyrarbær á í viðræðum við nágrannasveitarfélög um að veita þeim þjónustu á sviði skipulags- og byggingarmála.

Umsóknarfrestur er til og með 19. júlí nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent



Forstöðumaður Hafnarborgar menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar

Laus er til umsóknar staða forstöðumanns Hafnarborgar, menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar. Starfið felur í sér stjórnun og rekstur stofnunarinnar ásamt stefnumótun í menningarmálum.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Ábyrgð á faglegri starfsemi, rekstri, þjónustu og stjórnsýslu Hafnarborgar
- Ábyrgð á mannauðsmálum
- Fjárhagsáætlanagerð
- Þátttaka í stefnumótun og skipulagningu menningarmála Hafnarfjarðarbæjar
- Framkvæmd stefnumörkunar stjórnar Hafnarborgar og bæjarstjórnar
- Skipuleggur sýningar safnsins, tónleikahald og aðra menningartengda starfsemi sem fram fer í Hafnarborg
- Sérfræðingur bæjaryfirvalda um málefni er varða listir og menningu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Stjórnunarreynsla og reynsla af stefnumótun
- Þekking á og reynsla af starfsemi listasafna og/eða rekstri menningarstofnana
- Góð þekking á myndlist, listasögu og/eða safnafræðum
- Leiðtogahæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni til miðla þekkingu og upplýsingum í ræðu og riti

Staða forstöðumanns heyrir undir stjórnsýslusvið Hafnarfjarðarbæjar og næsti yfirmaður er sviðsstjóri stjórnsýslusviðs. Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Gert er ráð fyrir að forstöðumaður hefji störf sem fyrst. Ráðið verður í starfið til 5 ára með möguleika á framlengingu.

Upplýsingar veita:

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí nk.

Með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið skv. jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar.

Upplýsingar á hafnarfjordur.is og hafnarborg.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Hjúkrunarheimilið Sundabúð

Atvinna

Hjúkrunardeildarstjóri

Hjúkrunarheimilið Sundabúð óskar eftir að ráða hjúkrunar-deildarstjóra til afleysinga í eitt ár. Um er að ræða 80- 100 % stöðu sem veitist frá 1.sept eða eftir samkomulagi.

Hjúkrunardeildarstjóri er yfirmaður hjúkrunar á deildinni og ber ábyrgð á að starfað sé samkvæmt markmiðum heimilisins og lögum og reglugerðum og tekur virkan þátt í breytingar- og þróunarstarfi sem fer fram á deildinni.

Hjúkrunarheimilið Sundabúð er með 11 hjúkrunarými, eitt sjúkra og endurhæfingarrými og eitt dagvistarrými. Samkvæmt samningi við Velferðarráðnuneitið er heimahjúkrun í sveitarfélaginu sinnt af starfsfólki hjúkrunardeildarinnar. Félagslegri heimaþjónustu er einnig stjórnað frá deildinni og er unnið að því að samþætta þessa þjónustu.

Umsækjandi skal hafa fullgilt íslenskt hjúkrunarleyfi , lögð er áhersla á samvirkusemi og góða samskiptahæfileika.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Aðstoð er veitt við útvegum húsnæðis.

Nánari upplýsingar veitir Emma Tryggvadóttir, hjúkrunarforstjóri í síma 860 6815 og emma@vopnafjardarhreppur.is

Umsóknarfrestur er til 15. júlí næstkomandi



Starf verkefnastjóra á skipulags- og umhverfissviði

Akraneskaupstaður auglýsir eftir verkefnastjóra til starfa á skipulags-og umhverfissviði. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í vaxandi sveitarfélagi. Starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Tækni- og útboðsvinna sem tengist götum, fasteignum og opnum svæðum.
- Verkefnastjórn, eftirlit og samskipti við verktaka og samstarfsaðila.
- Eftirlit með málaflokkum er lúta að sorpi, félagslegum íbúðum og almenningssamgöngum.
- Tæknivinna sem þörf er á hverju sinni á skipulags- og umhverfissviði.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingartæknifræði, byggingarverkfræði eða sambærileg menntun.
- Þekking og reynsla af cad teikniforritum ásamt færni í notkun Microsoft Office hugbúnaðar.
- Mikil samskipta- og samstarfshæfni.
- Frumkvæði og góðir skipulagshæfileikar.

Með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni umsækjanda í starfið. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Akraneskaupstaðar eða í þjónustuveri bæjarins að Stíllholti 16-18, 1. hæð.

Umsóknarfrestur er til og með 12. júlí n.k.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri í tölvupósti eða í síma 433-1000.

Vélskömmtnun lyfja

Lyfjaver óskar eftir að ráða traustan starfsmann til framtíðarstarfa við vélskömmtnun lyfja. Viðkomandi þarf að vera heilsuhraustur, snyrtilegur, reglusamur, nákvæmur og samvirkusamur og hafa hreint sakavottorð.

Aðrar hæfniskröfur eru:

- Reynsla af vinnu við lyfjaframleiðslu
- Innsýn, áhugi og reynsla af vinnu skv. gæðaferlum
- Góð almenn tækni- og tölvukunnátta

Æskilegt er að viðkomandi hafi náð 25 ára aldri og geti unnið yfirvinnu á álagstímum. Í boði er áhugavert starf í góðum starfsmannahópi hjá framsæknu og vaxandi fyrirtæki.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið alli@lyfjaver.is. Nánari upplýsingar í síma 895-3466.



LÆKKAÐU LYFJAKOSTNAÐINN

Opið: Virka daga 8.30-18.00 - Laugardaga 10-14 Suðurlandsbraut 22 + Sími 533 6100



Laust starf fyrir skólaárið 2015 - 2016

Við Grunnskólann í Hveragerði er laus staða umsjónarkennara á yngsta stigi, 90-100% staða. Gerð er krafa um kennsluréttindi og góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Grunnskólinn í Hveragerði er vel staðsettur í grónu og glæsilegu bæjarfélagi. Einkunnarorð skólans eru: *viska, virðing og vinátta* og við leggjum metnað í að áhrif þeirra séu augljós í daglegu starfi. Skólinn flaggar Grænánanum, starfar eftir hugmyndafræði Olweusaráætlunarinnar gegn einelti og er að stíga sín fyrstu skref sem þátttakandi í verkefninu Heilsuefandi grunnskólar.

Umsóknarfrestur er til og með 16. júlí nk.

Upplýsingar um starfið veitir Fanney Ásgeirsdóttir, skólastjóri, fanney@hveragerdi.is.



Tæknifulltrúi byggingarmála

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða til starfa tæknifulltrúa byggingarmála (tækni-, byggingar- eða verkfræðing). Um er að ræða 100% starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða í síðasta lagi 1. september 2015.

Meðal helstu verkefna eru:

- Yfirferð á aðal- og séruppdráttum af byggingum með tilliti til þess að þeir uppfylli lög og reglugerðir.
- Annast úttektir einstakra þátta byggingarframkvæmda skv. byggingarreglugerð í afleysingum og forföllum og gefur út úttektarvottorð um byggingarstig húsa.
- Annast eftirlit með því að hús og önnur byggingarleyfissskyld mannvirki séu byggð í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir.

Menntunar- og/eða hæfniskröfur:

- Tæknifræði, byggingarfræði eða verkfræðimenntun.
- Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg, MicroStation kunnátta æskileg.
- Starfsreynsla á sínu fagsviði.
- Réttindi til að gera aðaluppdrætti.

Upplýsingar um starfið er veitir Pétur Bolli Jóhannesson, skipulagsstjóri, í tölvupósti pbj@akureyri.is.

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem finna má frekari upplýsingar um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí 2015



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði auglýsir eftir jákvæðri og kærleiksríkri manneskju til starfa á komandi skólaári. Um er að ræða fjölbreytt starf sem stuðningur og aðstoð í nemendahópi.

Í Barnaskólanum eru börn á aldrinum 6-11 ára, í tveimur starfsstöðvum, yngra stigi og miðstigi.

Mikilvægt er að umsækjandi sé jafnréttissinnaður, sýni frumkvæði, flinkur í samskiptum og hafi áhuga á að vinna með börnum. Við hvetjum karla jafnt sem konur að sækja um starfið.

Áhugasamir vinsamlegast hafi samband við Írisi Helgu s. 8623236 eða með tölvupósti irishelga@hjalli.is, eða Hildi Sæbjörgu s. 899-9633 eða með tölvupósti hildur@hjalli.is

Starfsmaður óskast á vélaverkstæði



Vélavit óskar eftir að ráða starfsmann á vélaverkstæði.

Vélavit is looking to hire skilled mechanic to repair larger machinery

Reynsla og þekking er skilyrði.

Only mechanic's with exspirience wanted.

Upplýsingar veitir Hinrik í S:527-2600 / 697-3390

Info : Hinrik S:527-2600 / 697-3390

Upplýsingar í síma 527 2600 / 697 3390

Info : Hinrik 527-2600 / 697-3390



Fóðurbílstjóri

Fóðurblandan óskar eftir fóðurbílstjóra í fóðuraufgreiðsluteymi fyrirtækisins.

Helstu verkefni:

- Dreifing lausafóðurs og smávara til viðskiptavina skv. dreifingaráætlun.
- Dagleg forskoðun á bifreið fyrir ferðir.
- Afferming bíla í samræmi við dreifingaráætlanir.
- Samskipti við samstarfsmenn og viðskiptavini.
- Tengiliður viðskiptavina við sölusvið.
- Þrif og almenn umhirda á bifreið.

Hæfniskröfur:

- Talar íslensku
- Meirapróf
- Yfir 5 ára reynsla í akstri flutningabifreiða
- Þekking á office hugbúnaði
- Stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð
- Býr á stór-Reykjavíkursvæðinu

Óskað er eftir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Daði Hafþórsson, framkvæmdastjóri framleiðslusviðs, dadi@fodur.is

Fóðurblandan er rótgróið og öflugt framleiðslu- og þjónustu-fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á áburði og fóðri fyrir landbúnað, fiskeldi og húsdýr. Því til viðbótar selur Fóðurblandan ýmis konar rekstrarvöru fyrir landbúnað s.s. girðingar, girðingarefni og smávöru. Fóðurblandan rekur þrjár verslanir, á Selfossi, Hvolsvelli og Egilsstöðum sem og öfluga vefverslun. Fyrirtækið er leiðandi á sínu sviði og eitt það öflugasta í þjónustu við bændur hér á landi. Hjá fyrirtækinu starfa um 50 manns.

Nánari upplýsingar: www.fodurblandan.is



WEDO is looking
for technical geek

...with 1-3 years of experience to assist our System Engineer with onsite matters analyzing/fixing ad-hoc first level issues with computers and printers and follow through implementation of onsite security matters. It can be part time job for the right candidate. Location is Sóltún 26, Reykjavík.

Required skills

1. Be comfortable to dig under the hood of OS Windows
2. Experience with Windows server OS and Exchange mail server would be great
3. Basic command prompt knowledge
4. Be comfortable with cables and wires
5. Good English level
6. Be service oriented and show initiative
7. High level of responsibility and be comfortable to work independently

Please apply via email to job@wedo.is



Laus störf við leikskólann Laut

Deildarstjóra og leikskólakennara vantar til starfa í leikskólanum Laut í Grindavík frá 1.okt. Um er að ræða stöður á nýrri deild fyrir átján mánaða börn. Vinnutími frá kl. 08:00-16:00. Laun eru samkvæmt kjarasamningum leikskólakennara og sambands íslenskra sveitarfélaga.

Leikskólinn verður fimm deilda leikskóli fyrir börn frá 18 mánaða - 6 ára frá og með 1.október. Við erum „Skóli á grænni grein“ og vinnum eftir Uppbyggingarstefnunni - Uppeldi til ábyrgðar. Gleði, hlýja og virðing eru einkunnarorð skólans. Nánari upplýsingar um leikskólann er að finna á heimasíðu hans.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg.
- Færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Vakin er athygli á því að ef ekki fæst leikskólakennari kemur til greina að ráða annað háskólamenntað fólk eða leiðbeinendur. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 426-8396 og 847-9859. Umsóknir berist til leikskólastjóra á netfangið gleik@grindavik.is

Endurnýja þarf eldri umsóknir.

Umsóknarfrestur er til 1.ágúst 2015



Öflugur bókarí óskast.

Hjúkrunarheimilin Eir, Skjól og Hamrar og dótturfélög þeirra óska eftir öflugum og áreiðanlegum bókará til starfa sem fyrst. Reynsla við bókhald og uppgjör er áskilin.

Starfssvið :

- Færsla bókhalds í Microsoft Dynamics AX, þ.m.t. merking fylgiskjala, skráning reikninga, innborgana og greiðslna.
- Afstemmingar á bókhaldsreikningum, bankareikningum og lánaðrottnum.
- Vinna við ársuppgjör og árshlutauppgjör.
- Skil á virðisaukaskattskýrslum, skattskýrslum og öðrum gögnum til skattýfirvalda.
- Aðstoð við áætlanagerð.
- Önnur störf eftir þörfum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Veruleg þekking og reynsla á bókhaldi er skilyrði.
- Mjög góð kunnátta í Excel og almenn tölvufærni áskilin.
- Þekking á Microsoft Dynamics AX æskileg.
- Þekking á uppgjörum samkvæmt alþjóðlegum reikingskilastöðlum (IFRS) kostur.
- Nákvæm og öguð vinnubrögð.
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 13. júlí n.k.

Vinsamlega sendið umsóknir ásamt ferilskrá í tölvutæku formi til gylfi@eir.is.



ICELANDAIR HÓTEL REYKJAVÍK NATURA LEITAR AÐ STARFSFÓLKI Í GESTAMÓTTÖKU

Við leitum að áreiðanlegu samstarfsfólki með ríka þjónustulund til starfa í gestamóttöku á Icelandair hóteli Reykjavík Natura.

Starfssvið:

- Veita gestum og starfsfólki hótelsins framúrskarandi þjónustu
- Undirbúningur fyrir komu og brottför gesta
- Reikningagerð og afstemmingar
- Öryggiseftirlit á hótelinu
- Úrlausn þeirra verkefna sem upp koma hverju sinni
- Önnur verkefni sem tilheyra gestamóttöku hótelsins

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og vönduð framkoma
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Góð enskukunnátta er skilyrði, önnur tungumálakunnátta er kostur
- Þekking á bókunarkerfinu Cenium (Navision) er kostur
- Reynsla af störfum í gestamóttöku eða öðrum þjónustustörfum er kostur
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Talnaglöggni
- Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt verkefni

Starfssvið gestamóttöku er fjölbreytt og lifandi þar sem fólk með ríka samskiptahæfni fær að njóta sín. Við leitum að öflugum samstarfsfólki í dag- og næturvinnu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í ágúst.

Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí 2015.

Umsóknir sendist til: umsoknir@icehotels.is, merktar „Umsókn um starf í gestamóttöku“.

Nánari upplýsingar um starfið veita:

Kristjana Milla Snorradóttir, gestamóttökustjóri: kristjanas@icehotels.is eða í síma 444-4500
Björk Baldvinsdóttir, starfsmannastjóri: bjorkbal@icehotels.is

Flugleiðahótel reka tvær hótélkeðjur; Icelandair Hotels og Hótel Eddu, samtals 21 hótél ásamt því að reka Hilton Reykjavík Nordica og Canopy.



*Hjá Icelandair hótelum starfar úrvals-
hópur með sameiginleg markmið þar
sem borin er virðing fyrir gestum og
samstarfsmönnum.*

*Icelandair hótelin leggja áherslu á
samvinnu, ábyrgð og frumkvæði í starfi
ásamt vilja til að takast á við krefjandi
verkefni.*

*Nýir starfsmenn fá vandaða
kynningu á fyrirtækinu og fara í
gegnum markvissa þjálfun til þess að
geta tekist á við störf sín af öryggi.
Unnið er að stöðugri framþróun og
starfsmönnum veitt tækifæri til vaxtar
og þroska í starfi.*

Icelandair Hotels



United Silicon hefur hafið byggingu kísilver í Helguvík á Reykjanesi og framleiðsla mun hefjast á vordögum 2016. Áætlanir gera ráð fyrir að um 60 starfsmenn muni starfa hjá verksmiðjunni á rekstartíma en 200 starfsmenn meðan á uppbyggingu og uppsetningu búnaðar stendur.

Við leitum að jákvæðum og dugmiklum starfsmönnum sem vilja leggja sitt af mörkum til að skapa frábært rekstrarteymi. Reynsla af störfum í stóriðju eða við annan framleiðslutengdan iðnað er kostur en ekki skilyrði.



Við leitum að starfsfólki í nýtt Kísilver í Helguvík

Verkfræðingur í málframleiðslu

Starfslýsing: Starfsmaðurinn mun bera ábyrgð á framleiðsluferlum við kísilframleiðslu, allt frá innmötun hráefna til framleidds máls. Starfið felur í sér mikil samskipti við jafnt framleiðslustarfsmenn sem aðra.

Hæfniskröfur: Verkfræðingurinn þarf að geta sett sig inni viðkomandi efnaferla og þekkja framleiðslubúnaðinn. Einnig þarf verkfræðingurinn að hafa góða greiningarhæfileika og frábæra samskiptahæfileika. Við leitum að einstaklingi með próf í verkfræði, efnaverkerfræði eða sambærilegum greinum.

Framleiðslustarfsmenn

Starfslýsing: Við leitum að lykilhönnuðum til að vinna við framleiðslu á kísli. Á meðan á uppbyggingu verksmiðjunnar stendur munu þessir starfsmenn taka þátt í uppsetningu og prófunum á búnaði ásamt því að hjálpa til við undirbúning að því að hefja rekstur. Áður en framleiðslan hefst munu starfsmenn verða þjálfaðir í framleiðslu kísils. Þegar framleiðsla hefst munu starfsmenn vinna við umhirðu ofns, málmtöku og útsteypingu. Framleiðslan mun fara fram allan sólarhringinn og unnið verður á vöktum.

Hæfniskröfur: Viðkomandi starfsmenn þurfa að vera áhugasamir, duglegir og nákvæmir og vera tilbúnir til að setja sig inni bæði virkni búnaðar og framleiðsluferli. Nauðsynlegt er að viðkomandi eigi auðvelt með að starfa í teymi með öðrum starfsmönnum. Á.m.k. 5 ára starfsreynsla er nauðsynleg ásamt góðri kunnáttu á tækjabúnað en ekki er krafist formlegrar menntunar.

Viðhaldsstarfsmenn við raf- og vélbúnað

Starfslýsing: Við leitum að rafvirkjum, vélvirkjum og vélstjórum til að vinna við viðhald á búnaði kísilverins. Hér er um að ræða störf fyrir aðila sem hafa brennandi áhuga á rekstri og fyrirbyggjandi viðhaldi. Meðan á uppbyggingu verksmiðjunnar stendur munu viðkomandi starfsmenn vinna við uppsetningu og prófanir á búnaði.

Hæfniskröfur: Mikil áhersla er lögð á skipulagt fyrirbyggjandi viðhald og störfin munu fela í sér bæði beina viðhaldsvinnu og skipulagsvinnu. Starfsmenn þurfa að vera skipulagðir og metnaðarfullir fyrir hönd búnaðar verksmiðjunnar. Starfsmenn þurfa að hafa sveinspróf og á.m.k. 5 ára starfsreynslu.

Stjórnandi framleiðslustarfsmanna

Starfslýsing: Starfsmaðurinn mun stýra og samræma vinnu framleiðslustarfsmanna sem vinna á vöktum ásamt því að bera ábyrgð á ferlum við málmtöku og útsteypingu máls. Starfið er unnið í dagvinnu.

Hæfniskröfur: Við leitum að kraftmiklum starfsmanni með leiðtogahæfileika. Starfsmaðurinn þarf að vera nákvæmur, áreiðanlegur og útsjónarsamur við lausn verkefna. Hann/hún þarf að sýna frumkvæði og sjálfstæði og kalla fram það besta í samstarfsmönnum sínum. Ekki er krafist formlegrar menntunar en starfsmaðurinn þarf að hafa góða kunnáttu á tækni – og stýribúnaði og vera vel rit og tölvufær, vera vanur/vön að stýra bæði fólki og framleiðsluferlum. Á.m.k. 5 ára starfsreynsla er nauðsynleg.

Nánari upplýsingar veitir
Rut Ragnarsdóttir í síma 669 6003.
Umsóknum ásamt ferilsskrá
skal skilað á netfangið rut@silicon.is
fyrir mánudaginn 20.júlí 2015



SORPA auglýsir eftir starfsfólki.

SORPA leitar að starfsmönnum til starfa í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi.

Um er að ræða tvö störf, almennur starfsmaður í móttöku- og flokkunarstöð og vélamaður í móttöku og flokkunarstöð.

Starfsmaður í móttökustöð

Hlutverk:

- Móttaka og aðstoð viðskiptavina
- Aðstoð við flokkun farma á gólfi
- Stjórnun véla
- Sinna þrifum
- Önnur tilfallandi verkefni

Kröfur:

- Hafa bílpróf.
- Eiga auðvelt með að tileinka sér nýjungar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góða þjónustulund
- Hafa ríka öryggis- og umhverfisvitund
- Hafa gott vald á íslensku.

Vélamaður í móttökustöð

Hlutverk:

- Vinna á vél, meðal verkefna er að færa til farma, moka í og frá tætarar og hlaða í gáma
- Umsjón og viðhald véla
- Sinna þrifum og snjómokstri
- Önnur tilfallandi verkefni

Kröfur:

- Hafa vinnuvélaréttindi á gröfu (yfir 4 tonn) og hjólaskóflu
- Hafa þekkingu á vélum og viðhaldi þeirra.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góða þjónustulund
- Hafa ríka öryggis- og umhverfisvitund
- Hafa gott vald á íslensku.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um á heimasíðu SORPU, www.sorpa.is.

Auglýsingaröð: Væðing eft.

Sterk tengsl í
íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Fiskbúðin Vegamót

Fiskbúðin Vegamót leitar að matreiðslumanni/konu eða aðila vönum fiskbúðarstörfum í 100% starf. Þægilegur vinnutími. Þarf að geta hafið störf í ágúst. Umsóknir sendist til **bras@mail.is** ásamt ferilskrá. Farið með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

ÓSKUM EFTIR ÖFLUGUM STARFSMÖNNUM Í LIÐ MEÐ OKKUR

AFGREIÐSLUSÖLUMAÐUR

Starfslýsing:

- Svarar símtölum sem berast
- Afgreiðir viðskiptavinum sem hringja inn, senda tölvupóst og koma í verslun
- Pakkar vörum inn, raðar í verslun og sér um að verðmerkingar séu í lagi
- Önnur störf sem til falla í söludeild
- Vinnutími 8-17

STARFSMAÐUR Í PRENTSMIÐJU

Starfslýsing:

- Vinna við skurð, frágang og pökkun á límmiðum
- Möguleiki er einnig á vinnu við prentun á límböndum
- Önnur störf sem tilfalla í verksmiðju
- Vinnutími er skv. vaktafyrirkomulagi í prentsmiðju

Umsóknarfrestur er til 15 júlí

Umsóknir og fyrirspurnir skal senda á netfangið: vinna@pmt.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál



*gæði
þjónusta
þekking*

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is



Framkvæmdastjóri

MEÐ STARFSADSTÖÐU Á AKUREYRI

Ferðapjónustufyrirtækið Saga Travel leitar að framkvæmdastjóra. Saga Travel er framsækið ferðapjónustufyrirtæki þar sem áhersla er lögð á fjölbreytta þjónustu og vörubrún. Leitað er eftir einstaklingi með mikla skipulags- og samskiptahæfileika og sérstök áhersla lögð á sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- » Ábyrgð á daglegum rekstri
- » Ábyrgð og eftirfylgni með rekstrarætlun
- » Aðkoma að stefnumótun
- » Mannauðsstjórnun
- » Upplýsingagjöf til stjórnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- » Háskólapróf og / eða mikil reynsla sem nýtist í starfi
- » Reynsla af mannauðsstjórnun
- » Reynsla af verkefnastýringu
- » Leiðtogaþæfni
- » Geta til að leiða mál til lykta
- » Sveigjanleiki
- » Geta til að vinna undir álagi
- » Mjög gott vald á ritaðri enskri tungu

Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí 2015 og viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. september 2015.

Óskað er eftir ítarlegri starfsferilskrá með umsókn.

Saga Travel hvetur jafnt konur og karla til að sækja um starfið.

Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sævar Freyr í síma 825 8888 eða á netfanginu job@sagatravel.is.

www.sagatravel.is

Rafvirki óskast

Rafvirki óskast í fullt starf. Rafverktakafyrirtæki sem þjónustar aðallega stór fyrirtæki.

Upplýsingar um starfið veitir Jónas í síma 8922189. Umsókn sendist á rafvellir@simnet.is



Rafvirkjar og smiðir óskast í verktöku.

Áhugasamir vinsamlegast hafi samband við Jónas í síma 660 2407 eða jonas@verktaki.is



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

Laus störf hjá Seðlabanka Íslands

Lögfræðingur – undanþágur – gjaldeyriseftirlit

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa í undanþágudeild gjaldeyriseftirlits bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Helstu verkefni:

Helstu verkefni lögfræðinga í undanþágudeild gjaldeyriseftirlits eru að framfylgja lögum um gjaldeyrismál. Í því starfi sem auglýsing þessi lýtur að felst meðal annars að afgreiða beiðnir um undanþágur frá lögum um gjaldeyrismál, svara fyrirspurnum og erindum er lúta að túlkun laga um gjaldeyrismál, samvinna við önnur svið Seðlabankans ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Starfinu fylgja einnig samskipti við innlenda og erlenda aðila og stofnanir.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði frá háskóla sem viðurkenndur er samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006
- Framúrskarandi ritfærni, bæði á íslensku og ensku
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Starfsreynsla í meðferð stjórnsýslumála æskileg
- Starfsreynsla á fjármálamarkaði æskileg

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf hið fyrsta.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Steinunn Guðmundsdóttir forstöðumaður, í síma 569-9600.

Lögfræðingur – rannsóknir – gjaldeyriseftirlit

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa í rannsóknardeild gjaldeyriseftirlits bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Helstu verkefni:

Helstu verkefni lögfræðinga í rannsóknardeild gjaldeyriseftirlits eru að framfylgja lögum um gjaldeyrismál. Í því starfi sem auglýsing þessi lýtur að felst meðal annars að annast eftirlit með framkvæmd laga um gjaldeyrismál auk rannsókna á meintum brotum á lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra, og samvinna við önnur svið Seðlabankans ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Starfinu fylgja einnig samskipti við innlenda og erlenda aðila og stofnanir.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði frá háskóla sem viðurkenndur er samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006
- Framúrskarandi ritfærni, bæði á íslensku og ensku
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnsýslumeðferð mála æskileg
- Starfsreynsla á fjármálamarkaði æskileg

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf hið fyrsta.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Rannveig Júníusdóttir forstöðumaður, í síma 569-9600.

Gjaldeyriseftirlit – sérfræðingur

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í gjaldeyriseftirliti bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Meginviðfangsefni gjaldeyriseftirlits lúta að almennu eftirliti með framkvæmd laga um gjaldeyrismál, rannsókn mála vegna meintra brota gegn lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra, afgreiðslu og ákvarðanatöku varðandi beiðnir um undanþágur frá gjaldeyrislögum og almennu leiðbeiningar- og upplýsingahlutverki gagnvart einstaklingum og lögaðilum.

Helstu verkefni:

- Gagnaöflun og greining upplýsinga
- Vöktun fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta-fyrirmæli
- Greining og mat á áhættuþáttum með hliðsjón af lögum um gjaldeyrismál
- Aðstoð og samstarf við rannsókn meintra brota
- Aðstoð og samstarf við afgreiðslu og ákvarðanatöku varðandi beiðnir um undanþágur
- Aðkoma að mótun regluverks og eftirlitsferla

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Rík greiningarhæfni á tölulegum upplýsingum nauðsynleg
- Þekking og reynsla af fjármálastarfsemi æskileg
- Þekking á uppbyggingu og starfsemi fjölþjóðlegra fyrirtækja er kostur
- Góð þekking á upplýsingatækni og gagnavinnslu
- Þekking á SQL fyrirspurnarmáli er kostur
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tungumálakunnátta í ensku
- Hæfni til að starfa sjálfstætt sem og í hópi

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf hið fyrsta.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Guðmundur Sigbergsson staðgengill forstöðumanns, í síma 569-9600.

Sótt skal um störfina á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.seðlabanki.is, í síðasta lagi 20. júlí næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

LYFTARAMAÐUR

Óskum eftir að ráða vanan mann á lyftara (skotbóma)
Framtíðarstörf í boði.

Upplýsingar veitir Guðjón í síma 617-3000
Netfang: gudjon@bygg.is

GRÖFUMAÐUR

Óskum eftir að ráða vanan gröfumann.
Meirapróf kostur ekki skilyrði.
Framtíðarstörf í boði.

Upplýsingar veitir Guðjón í síma 617-3000
Netfang: gudjon@bygg.is

Trésmiður - Laghentur maður

Verkbær ehf. leitar að trésmið eða laghentum manni til þess að taka að sér léttu viðhaldsvinnu í hlutastarfi, starfshlutfall getur verið mjög sveigjanlegt. Viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða.

Áhugasamir vinsamlegast sendið póst á gs@doguncapital.is eða hringið í síma 896-9450.

Verkamenn óskast til starfa.

Mikill vinna í boði fyrir duglega menn
Framtíðarstarf í boði.
Laborers wanted
Enough work
Permanet work available

Upplýsingar veitir Guðjón í síma 617-3000.
Netfang: gudjon@bygg.is

Starfsmaður óskast á vélaverkstæði



Vélavit óskar eftir að ráða starfsmann á vélaverkstæði.

Reynsla og þekking er skilyrði.

Upplýsingar veitir Hinrik í S:527-2600 / 697-3390

Upplýsingar í síma 527 2600 / 697 3390

Vélavit is looking to hire skilled mechanic to repair larger machinery

Only mechanic´s with expirience wanted.

Info : Hinrik S:527-2600 / 697-3390

Info : Hinrik 527-2600 / 697-3390

GG VERK leitar að framúrskarandi mönnum í mótauppslátt

GG verk ehf. er byggingafyrirtæki í örum vexti og vantar að bæta við sig smiðum og vönnum mönnum í mótauppslátt hið snarasta. Hópar koma sterklega til greina.



Sæktu um hjá okkur á ggverk.is eða sendu okkur ferilskrána þína á ggverk@ggverk.is merkt „starfsumsókn“.



GG VERK byggingaverktaki

Askalind 3
517 1660
ggverk.is



Marketing Representative

Greencloud is looking for a marketing representative, reporting to the VP of Marketing. The successful candidate will have 3 – 5 years of marketing experience and preferably a higher education in business or marketing, be enthusiastic and have a positive attitude.

Key responsibilities include:

- Working on market research
- Managing online lead generation and qualification
- Managing Greencloud's social media according to the company's social media strategy
- Event and trade show research and planning
- Writing and distributing press releases
- Working closely with the sales department to support sales opportunities
- Assisting with core messaging and positioning of Greencloud's products
- Overseeing and managing advertising activities
- Creating marketing collateral and documents such as web content, case studies, blogs, presentations and other marketing content
- Other marketing related projects and tasks as needed.

Qualifications and attributes include:

